

Reykjavík, 12. júní 2017

Lögð er fram breytingartillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um undirbúningsvinnu vegna fyrirhugaðra rafrænna íbúakosninga, við tillögu fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina, dags. 23. janúar 2017:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar samþykkir að ráðist verði í mat á kostnaði vegna rafrænnar íbúakosningar í samræmi við bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þannig að framkvæma megi slíka kosningu í aðdraganda næstu borgarstjórnarkosninga. Inni í því mati verði atriði sem bæði snúa að framkvæmd kosningar, en einnig kostnaður vegna undirbúnings kosningar, þar með talið vegna kynningar á því málefni eða málefnum sem kosið er um. Jafnframt verði settar saman leiðbeiningar um framkvæmd slíkrar kosningar, þar á meðal hvernig standa skuli að vali á því sem kjósa skal um og hvernig standa skuli að kynningu á þeim sjónarmiðum sem til grundvallar liggja.

Samþykkt.